


02-367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga –

Ársskýrsla 2007



Fjölbrautaskóli  
Snæfellinga

## Ársskýrsla 2007

### Helstu breytingar í skólastarfinu

Á árinu 2007 voru skráðir nemendur um 240 að meðaltali, 211 á vorönn og 270 á haustönn. Þá eru allir nemendur taldir, þ.e. dagskólanemendur í fullu námi, nemendur í dreifnámi sem geta verið í frá einum áfanga upp í fullt nám, vélstjórnarnemendur í lotubundnu námi og grunnskólanemendur sem taka einn til tvo áfanga meðfram námi sínu í 10. bekk.

Helstu breytingar sem urðu í skólastarfinu á árinu tengjast starfrækslu framhaldsdeildar á Patreksfirði sem hóf starfsemi á haustönn 2007. Í framhaldsdeildinni voru 12 nemendur í fullu námi, auk nokkurra nemenda sem voru í dreifnámi, bæði fullorðnir og grunnskólanemendur. Fyrirkomulag námsins fyrir þá nemendur sem eru í fullu námi er þannig að þeir mæta í framhaldsdeildina á Patreksfirði dagsdaglega og stunda nám sitt þaðan, en koma síðan til Grundarfjarðar um það bil einu sinni í mánuði. Þeir eru í samskiptum við kennara sína í Grundarfirði, ýmist í gegnum kennsluumsjónarkerfið Angel, tölvupóst, MSN eða fjarfundabúnað. Nemendurnir komu til Grundarfjarðar fimm sinnum á haustönninni og voru í þrjá daga í senn, sátu í tímum, hittu kennara og aðra nemendur og tóku þátt í félagslífi nemenda. Í heildina hefur starfsemi framhaldsdeildarinnar farið vel af stað og geysileg vinna hefur verið unnin til að sníða jafnóðum af hnökra sem fram hafa komið, eins og alltaf gerist í svona nýbreytnistarfi. Það sem okkur hefur fundist mikilvægast er að finna leiðir til að nemendur í framhaldsdeildinni tengist skólanum sem best í námi sínu dagsdaglega. Kennarar, sem kennt hafa nemendum deildarinnar, og ekki síst Friðbjörg Matthíasdóttir, deildarstjóri framhaldsdeildarinnar, hafa lagt mikið á sig til þess að láta þetta ganga sem best.

Raunar má segja að stór hluti þróunarstarfsins sem snýr að kennsluháttum á árinu hafi snúist um að þróa og útfæra leiðir til að gera kennsluaðferðirnar þannig að þær nýttust nemendum framhaldsdeildarinnar jafn vel og öðrum nemendum. Í upphafi ársins fóru þrír starfsmenn á BETT sýninguna í London og leituðu markvisst að lausnum sem gætu gagnast okkur í þessu verkefni og í

framhaldi af því var haldin vinnuhelgi með starfsmannahópnum til að kynna nýjungar og gefa starfsmönnum færi á að prófa nýjar lausnir.

Það merkilegasta sem komið hefur út úr öllu þessu starfi er að margt af nýjungunum sem komið hefur verið í verk, sérstaklega lausnir sem snúa að framsetningu kennsluefnis, þar sem útskýringar og fyriræli eru sett fram á nýstárlegan hátt, jafnvel í myndrænu formi, nýtast öllum nemendum jafn vel, bæði þeim nemendum sem eru að jafnaði í skólanum og ekki síður dreifnámsnemendum sem koma misjafnlega mikið í skólann.

Véltjórnarnám á véltjórnarbraut 1. stigs sem hófst á vorönn 2006 lauk í maí 2007 og útskrifuðust þá 17 nemendur. Vegna eindreginna óska frá nemendum var ákveðið að setja af stað framhald véltjórnarnámsins og hófu 14 nemendur nám á véltjórnarbraut 2. stigs á haustönn 2007. Námið er í samvinnu við Fjöltækniskóla Íslands og skipulagt sem tveggja daga lotur tvisvar sinnum í mánuði og ýmist kennt í skólanum í Grundarfirði eða í Fjöltækniskólanum í Reykjavík. Véltjórnarnámi á véltjórnarbraut 2. stigs lýkur í desember 2007.

Tvö stór þróunarverkefni sem hófust á haustönn 2006 eru enn í fullum gangi. Fyrra verkefnið er samvinnuverkefni Fjölbautaskóla Snæfellinga og tveggja norrænna skóla í Svíþjóð og Finnlandi (SNÆ-verkefnið). Verkefnið er þverfaglegt og þar eru samþættar námsgreinar móturmál, saga, samfélagsgreinar, margmiðlun og listir. Nemendur og kennarar skiptast á heimsóknunum og vinna verkefni tengd sögum og samfélagi á hverjum stað.

Seinna þróunarverkefnið snýst um stærðfræði. Kennsluaðferðum og skipulagi í stærðfræði var gjörbreytt á haustönn 2006 og í stað getuskiptra námshópa kemur einstaklingsmiðað fyrirkomulag þar sem nemendur búa sér til áætlun í upphafi annar, stjórna hraðanum sjálfir og ákveða í samráði við kennara hversu margar einingar þeir taka á hverri önn. Vegna þess hversu mikil breyting á kennsluháttum í stærðfræði þetta er, var ákveðið að sjálfsmatshópurinn meti verkefnið sérstaklega. Þetta var gert á haustönn 2006, ítarleg spurningakönnun lögð fyrir nemendur og kennara og tekið viðtal við rýnihóp nemenda. Niðurstöður lofa góðu og mun sjálfsmatshópurinn fylgjast áfram með framvindunni og gerir úttekt á verkefninu næst á vorönn 2008.

Nokkrir starfshópar starfa innan skólans á hverjum tíma, ýmist tímabundnir starfshópar sem sinna afmörkuðum verkefnum eða fastir starfshópar sem sinna verkefnum sem stöðugt eru í gangi. Tveir fastir starfshópar hafa verið í gangi síðan 2006, þ.e. sjálfsmatshópur og skólanámskrárhópur. Skólanámskrárhópurinn sér um að skólanámskráin sé í stöðugri endurskoðun og sinnir auk þess tengdum verkefnum, s.s. uppfærslum á vef skólans, fsn.is. Sjálfsmatshópurinn hefur sett fram

framkvæmdaáætlun um sjálfsmat til 2009 og hefur unnið ötullega að verkefnum áætlunarinnar sem fela m.a. í sér viðhorfskönnun meðal nemenda á hverri önn, mat á kennslu, úttekt á námsmati og sérstaka könnun á stærðfræðikennslu. Sjá meðfylgjandi sjálfsmatsskýrslu fyrir 2007.

Síðastliðið vor ákvað menntamálaráðuneytið að gera úttekt á starfi skólans fyrstu þrjú árin, 2004-2007. Tveir sérfræðingar sáu um úttektina, Ásrún Matthíasdóttir frá Háskólanum í Reykjavík og Trausti Þorsteinsson frá Háskólanum á Akureyri. Þau skoðuðu alla þætti skólastarfsins og töluðu við fjölda fólks, stjórnendur, starfsmenn, nemendur, foreldra og sveitarstjórnarmenn svo dæmi séu tekin. Það er skemmst frá því að segja að niðurstöður úttektarinnar eru mjög jákvæðar fyrir skólann en í úttektarskýrslunni segir m.a.:

„Almennt virðist hafa tekist vel til í starfi Fjölbrautaskóla Snæfellinga (FSN) á fyrstu þremur starfsárum hans. Andrúmsloftið í skólanum er þægilegt og vinnusamt og samskipti kennara og nemenda virðast opin og frjálst.“

Einnig segir í skýrslunni að:

„Kennsluhættir sem þróaðir hafa verið í FSN virðast styðja vel við það grundvallarhlutverk skólastarfsins að efla ábyrgðarkennd, viðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda auk þess að þjálfa þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýninni hugsun. Nemendur bera mikla ábyrgð á eigin námi og þurfa strax frá upphafi að tileinka sér öguð og sjálfstæð vinnubrögð.“

Að sjálfsögðu ríkti mikil ánægja innan skólans með að fá svona góðar niðurstöður úr þessari umfangsmiklu úttekt, en til þess að úttektin nýttist sem best var ákveðið af stjórnendum og skólanefnd að efna til víðtækrar samræðu um skólann og nýta afrakstur hennar til að marka stefnu um hvernig skólinn getur verið í fararbroddi til framtíðar.

Leitað var til þeirra sem láta sig skólann varða til að hjálpa til við þetta og þrjár fundir voru haldnir í þessu augnamiði í nóvember. Fyrst var haldinn opin fundur með stórum hóp íbúa af Snæfellsnesi, foreldrum, sveitarstjórnarmönnum og öðrum. Síðan var haldinn mjög öflugur og fjölmennur fundur með nemendum skólans og að lokum var haldinn fundur með starfsmönnum og skólanefndarmönnum. Á öllum þessum fundum, sem var stjórnað af starfsmanni ráðgjafafyrirtækisins Alta, voru fjörugar umræður um skólann og á þeim öllum komu fram góðar og gagnlegar hugmyndir og tillögur sem munu nýtast í mótun stefnunnar til framtíðar. Það mátti finna ákveðinn samhljóm í skilaboðum allra fundanna þriggja og má þar nefna t.d. „að skólinn hafi sannað tilvist sína og að það ríki ánægja með starf hans“ og að það sé „mikilvægt að hann verði áfram leiðandi til framtíðar“.

En ánægjulegustu skilaboðin eru þau skilaboð frá nemendum að þeir eru ánægðir með skólann sinn og að þeir hafa mikinn metnað fyrir hans hönd. Nemendur minnst líka sérstaklega á þann góða anda sem ríkir í skólanum, þar séu allir jafnir og ekkert einelti. Fólk geti farið sínar eigin leiðir og skorið sig úr, án þess að það sé tekið fyrir. Og svo er það athugasemdin um traust sem mörgum í starfsmannhópnum fannst standa uppúr. Hún kemur frá einum nemandanum, en hann segir: „...maður getur treyst öllum.“

Mjög margir gestir koma í skólann og hafa gert frá upphafi. Árið 2007 var þar engin undantekning og voru hóparnir margvíslegir, s.s. nemendahópar frá Háskólanum í Reykjavík og Háskóla Íslands, þingmenn, kennarahópar úr öðrum framhaldsskólum og fleiri.

Í Fjölbautaskóla Snæfellinga starfar mjög öflugur hópur fólks sem hefur átt einstaklega auðvelt með að vinna saman og líklega er það virk samvinna sem hefur skilað að minnsta kosti hluta af þeim góða árangri sem skólinn hefur náð og staðfestur er í fyrrnefndri úttektarskýrslu. Starfsmannafundir eru haldnir í hverri viku og eru farvegur fyrir virka samvinnu þar sem áhersla er lögð á að fá fram allar skoðanir og að starfsmenn séu gagnrýnir á uppbyggilegan hátt og tilbúnir að breyta því strax sem ekki gengur nógu vel.

Guðbjörg Aðalbergsdóttir, skólameistari